## 1931 nr. 36 8. september
## Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra

**Tóku gildi 1. janúar 1932.** *Breytt með* l. 141/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999).

■ **1. gr.** [Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum[1)] sem kirkjuþing setur.][2)]

[1)] *Augl. 819/1999, sbr. 852/2001 og 291/2004.* [2)] *L. 141/1998, 1. gr.*

■ **2. gr.** Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.** Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

ELDRI ÚTGÁFA